



**11. fundur
framkvæmda- og hafnanefndar Norðurljóps
haldinn í stjórnsýsluhúsi Norðurljóps,
miðvikudaginn 12. október 2011 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Þráinn Guðni Gunnarsson, Jón Grímsson, Áki Hauksson, Kristinn Rúnar Tryggvason, Arnar Sigurðsson, Tryggvi Jóhannsson, Stefán Sigurður Stefánsson,

Fundargerð ritaði: Tryggvi Jóhannsson, Framkvæmda- og þjónustufulltrúi

Dagskrá:

1. 200907050 - Garðyrkjustjóri-Kynning verkefna

Farið yfir drög að reglum um notkun Skrúðgarðsins sem garðyrkjustjóra var falið að gera á síðasta fundi nefndarinnar 7. sept. sl. Garðyrkjustjóri óskar einnig eftir að fá að hefja endurbætur á Kvíabekk.

Framkvæmda- og hafnanefnd samþykkir framlagðar umgengnisreglur fyrir Skrúðgarðinn einnig framkvæmdir við endurnýjun fótstykks á Kvíabekk.

2. 201109039 - Íbúar að Baughól 2 - 10, erindi varðandi trjágróður í skógarlundi við raðhúsið

Borist hefur bréf frá eigendum og íbúum Baughóls 2-10, á Húsavík, þar sem óskað er eftir viðræðum um lausn á hæð og þéttleika trjáa í skógarlundi nv. við húsið.

Framkvæmda- og hafnanefnd samþykkir að kynna sér málið frekar og óska eftir tillögu frá Garðyrkjustjóra á næsta fundi um hvernig fara eigi með svæðið.

3. 201109101 - Fjáreigendafélag Húsavíkur, ósk um fund

Fjáreigendafélagið óskar, með bréfi til framkvæmda- og hafnanefndar, eftir fundi til þess að fara yfir málefni frístundabænda á Húsavík. Framkvæmda- og þjónustufulltrúi hélt í gær fund ásamt garðyrkjustjóra með fulltrúum frá Fjáreigendafélaginu og Landgræðslunni og gerði hann nefndinni grein fyrir því sem fram fór á fundinum.

Framkvæmda- og hafnanefnd felur framkvæmda- og þjónustufulltrúa að vinna málið áfram.

4. 201109100 - Benedikt Jónasson, uppsögn á starfi varasliökkviliðsstjóra

Benedikt Jónasson segir með bréfi upp stöðu sinni



sem varaslökkviliðsstjóri á Húsavík frá og með 1. október 2011.
Uppsögnin tekur gildi í samræmi við ráðningarsamning.

Framkvæmda- og hafnanefnd þakkar Benedikt vel unnin störf.

5. 201109094 - Frá Umhverfissráðuneyti varðandi útgáfu landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2012-2023

Ráðuneytið gerir ráð fyrir að verkefnið verði sett í opið umsagnarferli í október þar sem stjórnvöldum og hagsmunaaðilum verði gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Framkvæmda- og hafnanefnd felur Sorpsamlagi Þingeyinga að gæta hagsmuna Norðurljóps hvað málið varðar.

6. 201109024 - Fundagerðir Cruise Iceland

Lögð fram til kynningar.

7. 201109097 - Fjárhagsáætlun framkvæmda- og hafnanefndar 2012

Farið yfir forsendur fjárhagsáætlunar 2012.

Framkvæmda- og hafnanefnd felur framkvæmda- og þjónustufulltrúa að vinna drög að fjárhagsáætlun þeirra málaflokka sem heyra undir nefndina.

8. 201110009 - Deiliskipulag Gudjohnsensreits

Á sameiginlegum fundi framkvæmda- og hafnanefndar og skipulags- og byggingarnefndar þann 5. okt. sl. kynntu Arnhildur Pálmadóttir arkitekt og Röðull Reyrr Kárason skipulagshugmyndir sem þau höfðu unnið af Gudjohnsensreit og nágrenni.

Framkvæmda- og hafnanefnd fór yfir hugmyndirnar og leggur til við skipulags- og byggingarnefnd að hún láti vinna deiliskipulag af fyrrgreindu svæði á grundvelli þessarra skipulagshugmynda.

9. 201105013 - Endurskoðun deiliskipulags miðhafnarsvæðis

Á sameiginlegum fundi framkvæmda- og hafnanefndar og skipulags- og byggingarnefndar þann 5. okt. sl. kynntu Per Langsöe Christensen arkitekt deiliskipulagstillögu af miðhafnarsvæðinu á Húsavík. Skipulags- og byggingarnefnd fór yfir málið á fundi sínum fyrr í dag.

Þar sem ekki liggur fyrir endanleg útfærsla á tillögunni tekur framkvæmda- og hafnanefnd undir með skipulags- og byggingarnefnd að láta vinna tillöguna áfram.

10. 201109009 - Innkaupareglur vegna framkvæmda og þjónustukaupa í Norðurljópi

Framkvæmda- og þjónustufulltrúi gerði nefndinni grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi innkaupareglur fyrir smærri verk. Einnig var farið yfir "Lög



um opinber innkaup" nr. 84 30. mars 2007.

Framkvæmda- og hafnanefnd frestar afgreiðslu málsins.

11. 201110052 - Leigusamningur við Norður-Siglingu um dráttarbrautina á Húsavík

Framkvæmda- og hafnanefnd samþykkir að fela hafnarstjóra að láta fara fram endurskoðun á leigusamningi Norðursiglingar um slippinn eins og kveðið er á um í 4. gr. samningsins með það að markmiði að höfnin fái eðlilegar tekjur af rekstri slippins.

Þráinn óskar bókað: Þar sem framkvæmd leigusamningsins hefur verið í nokkuð eðlilegum farvegi tel ég ekki ástæðu endurskoðunar samningsins að svo stöddu.

12. 201109004 - Þjóðvegurinn gegnum Húsavík og Raufarhöfn

Farið var yfir hugmyndir Vegagerðarinnar um lækkun umferðarhraða inn í þéttbýli á Raufarhöfn og Húsavík.

Framkvæmda- og hafnanefnd felur framkvæmda- og þjónustufulltrúa að koma athugasemdum nefndarinnar á framfæri við Vegagerðina.

13. 201110055 - Þorgrímur Jónsson og Atli Björgvinsson sækja um land undir litboltavöll

Þorgrímur og Atli óska eftir landssvæði til að setja upp litboltavöll. Þeir hafa í huga skurðasvæði í Reitnum næst neðan við Ásgarðstún á Húsavík. Svæðið er rétt rúmur ha að stærð.

Framkvæmda- og hafnanefnd samþykkir að leigja Þorgrími og Atla landið og felur framkvæmda- og þjónustufulltrúa að útbúa leigusamning þar um.

14. 201108021 - Anna L. Sigurðardóttir, varðandi staðsetningu húsbíla á Húsavík

Samþykkt var á fundi framkvæmda- og hafnanefndar 7. sept. sl. að óska eftir umsögn Húsavíkurstofu um þetta erindi. Sú umsögn hefur nú borist og var hún lögð fram á fundinum.

Framkvæmda- og hafnanefnd samþykkir að afla frekari upplýsinga um málið.

15. 201110053 - Tillaga um tilfærslu á starfi Hafnarstjóra

Framkvæmda- og hafnanefnd samþykkir að frá og 12. okt. verði Tryggvi Jóhannsson hafnarstjóri í stað Bergs Elíasar Ágústssonar.

Tryggvi Jóhannsson vék af fundi við afgreiðslu á þessum lið

11. fundur framkvæmda- og hafnanefndar Norðurljósa
13. október 2011



Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:40